

Föstudaginn 25. febrúar 1972.

Nr. 23/1972. **Jón Viðar Gunnlaugsson**
 gegn
Axminster.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. febrúar 1972, sem barst Hæstarétti 15. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., c, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að háð verði vitnapróf það, er í úrskurðinum greinir, þ. e. að lagðar verði fyrir matsmanninn Sigurð Ólafsson spurningar þær, sem getur í hinum kærða úrskurði. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 8.000.00.

Það athugast, að kæra máls þessa var að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Viðar Gunnlaugsson, greiði varnaraðilja, Axminster, kærumálskostnað, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1972.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 17. þ. m. að loknum munnlegum málf lutningi, hefur Jón Viðar Gunnlaugsson, Efstalandi 6 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur

með stefnu, birtri hinn 5. marz 1971, gegn Kjartani Guðmunds-
syni, Ásvallagötu 44 hér í borg, f. h. Axminster gólfteppaverk-
smiðju og verzlunar til riftunar „á kaupum á gólfteppum hjá
Axminster í íbúð stefnanda að Efstalandi 6 og endurgreiðslu
kaupverðs teppanna, kr. 20.859.30 með 7,5% söluskatti, samlím-
inga, gúmmís, lista og nagla, kr. 6.638.71 með 7,5% söluskatti,
vinnu við lagningu teppanna og akstri, kr. 2.020.00 með 7,5%
söluskatti, alls samtals kr. 32.450.23 með 8% vöxtum p. a. frá 1.
janúar 1969 til greiðsludags, kr. 12.500.00 í ýmsan sundurliðaðan
útlagðan kostnað og málskostnað að skaðlausu. Til vara er þess
krafizt, að stefndi verði dæmdur til þess að veita 60% afslátt
vegna ofangreindra kaupa eða annan afslátt að mati dómsins,
ásamt óbreyttum ofangreindum kröfum og vexti, útlagðan kostn-
að og málskostnað“.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostn-
aðar úr hendi hans að mati dómsins.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Hinn 9. des. 1968 keypti stefnandi gólfteppi á íbúð sína hjá
stefnda, sem jafnframt annaðist að leggja teppin og leggja til
nauðsynlegt efni til þess arna. Samkvæmt reikningi var greitt
fyrir þetta kr. 32.450.23. Stefnandi taldi sig vera að kaupa „venju-
legt“ og gallalaust gólfteppi, og kom ekkert fram við kaupin af
hálfu stefnda, að svo væri ekki eða að gólfteppið væri haldið
óvenjulegum eiginleikum. Fljótlega kom þó í ljós, að svo var ekki,
heldur komu fram áberandi og ljótir blettir á teppinu víða um
íbúðina, og hefur síðar komið í ljós, að „fyrirbrigði þetta er ekki
framleiðslugalli, heldur eiginleiki, sem orsakar útlitslýti við
notkun og er fylgifiskur vissra gerða eða mynstra gólfteppa. Er
þetta misjafnlega áberandi eftir aðstæðum“, svo að tekin séu
upp niðurlagsorð mats- og skoðunargerðar, sem fram fór af ofan-
greindu tilefni. Þessir blettir eru óvenju stórir og ljótir á teppi
stefnanda. Stefnandi kvartaði fljótlega við stefnda, en fékk ekki
úrlausn mála sinna framan af ári 1969. Hinn 10. 7. það ár fékk
Rannsóknastofnun iðnaðarins sýni af samskonar teppi til fitu-
rannsóknar, og fleira var gert á því ári, en leiddi jafnan til sömu
niðurstöðu, að starfsmenn stefnda héldu sig fast við það, að ekki
væri um framleiðslugalla að ræða, og búið með það. Hinn 10.
nóvember 1969 ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf og krafðist
þess, að stefndi léti skipta um teppi hjá stefnanda og leggja
gallalaust teppi í staðinn, honum að kostnaðarlausu. Þegar stefndi
sinnnti þessu engu, þá ritaði lögmaðurinn stefnda enn bréf hinn

9. apríl 1970 og krafði nú enn um hið sama og til vara, að kostnaður stefnanda við teppin yrði endurgreiddur, þ. e. kaupunum yrði rift. Þessu erindi sinnti stefndi ekki að heldur. Hinn 11. júní bað því stefnandi um dómkvaðningu skoðunarmanna, sem luku skoðunargerð hinn 7. ágúst. Á grundvelli framangreindra gagna ritaði lögmaður stefnanda enn bréf til stefnda hinn 25. ágúst 1970 og krafðist nýrra teppa, stefnanda að kostnaðarlausu, en til vara riftunar kaupanna og afsláttar til þrautavara, og var óskað eftir samningum. Nú svaraði lögmaður stefnda snarlega, eða næsta dag, og vísaði öllum kröfum á bug án rökstuðnings“.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Péturs Sigurjónssonar verkfræðings og Sigurðar Ólafssonar verzlunarmanns, er svohljóðandi, dskj. nr. 11.

„Að beiðni Jóns E. Ragnarssonar hrl. vorum við undirritaðir dómkvaddir til þess að athuga og meta meinta galla í gólfteppi af gerð Axminster 3/9 í íbúð Jóns Viðars Gunnlaugssonar, Efstalandi 6, Reykjavík.

Viðstaddir matsgerðina, sem fór fram fimmtudaginn 6. ágúst 1970, kl. 21.00, voru Jón E. Ragnarsson hrl., Jón Viðar Gunnlaugsson ásamt eiginkonu, Gunnar Finnbogason frá Axminster og undirritaðir. Við athugun á teppinu kom í ljós, að um tækni-lega framleiðslugalla var ekki að ræða.

Á teppinu eru ljósir og dökkir sveipir, sem breyta um útlit eftir því, frá hvaða hlið teppið er skoðað.

Umræddir sveipir eða flekkir orsakast af því, að flosið, sem er úr sprengdu bandi, leggst á ýmsa vegu við notkun, og þá oft kerfisbundið eftir umgangsvenjum í íbúðunum.

Þegar horft er á teppið frá hlið, þá er það ýmist hlið flosþráðarins eða afskorinn endinn, sem mest áhrif hefur á ljósið, og sýnist því teppið ljósara eða dekkra eftir ástæðum og þá í flekkjum.

Fyrirbrigði þetta er ekki framleiðslugalli, heldur eiginleiki, sem orsakar útlitslýti við notkun og er fylgífiskur vissra gerða eða mynstra gólfteppa. Er þetta misjafnlega áberandi eftir aðstæðum“.

Í málinu er fram komið bréf Dansk textil institut, dags. 9. apríl 1968, til Rannsóknastofnunar iðnaðarins í svohljóðandi þýðingu Péturs Sigurjónssonar, forstjóra Rannsóknastofnunar iðnaðarins, en hann er annar hinna fyrrgreindu dómkvöddu matsmanna, dskj. nr. 9:

„Með tilvísun til samkomulags 13. 3. höfum við mótttekið og

rannsakað afklippu af græn/orange gólfteppi, þar sem fram höfðu komið ljósir og dökkir flekkir.

Við rannsókn á teppinu fundum við, að þessi fyrrnefndu flekkóttu svæði voru ýmist ljósari eða dekkri en teppisefnið umhverfis, allt eftir því, hvernig flosið sneri við ljósi, og eftir því, hvaðan á þau var horft. Sé flosið burstað á stóru svæði, þannig að það leggist allt í sömu átt, sýnist svæðið einlitt og flekkjalaust.

Fyrirbrigði þetta, þ. e. að liturinn er háður því, hvernig flosið liggur, og að þar af leiðandi koma fram ljós og dökk flekkótt svæði vegna notkunaráhrifa (gangbrautir og svæði, þar sem flosið leggst fljótlega í sömu átt vegna átroðnings), nefnist „shading“ og er ekki óalgengt á flosteppum. Einkum er þetta áberandi á einlitum, ómynstruðum teppum, því að litur flospráðanna ræður mestu um, hversu greinilegur litarmismunurinn virðist vera.

Kvartanir, sem fram kunna að koma varðandi þetta atriði, verður því að telja óréttmætar.

Einnig spurðust þér fyrir um, hvort hægt væri á nokkurn hátt að minnka þessa tilhneigingu til „shading“, eins og t. d. með því að „fixera“ flosið. Þetta virðist varla mögulegt. Þó er ekki útilokað að gera megi þessa „shading“, sem seinna kann að koma fram, minna áberandi með yfirborðshreinsun með teppahreinsiefni (shampoo), þar sem reynt er að láta flosið leggjast niður og í stefnu samhliða þeim veggflötum, sem gluggar eru á“.

Er Pétur staðfesti matsgerð sína fyrir dómi, skýrði hann svo frá, að þetta bréf Dansk textil institut hefði hann sent stefnda og öðrum teppaframleiðendum.

Matsmaðurinn Sigurður Ólafsson kom fyrir dóminn til að staðfesta matsgerðina. Er framburður hans í því þinghaldi svofelldur:

„Matsgerðin á dskj. nr. 11 var lesin fyrir vitninu og sýnd því. Segir vitnið aðspurt, að matsgerðin hafi að geyma sína skoðun á þessu efni, og staðfestir undirskrift sína undir matsgerðinni.

Vitninu er sýnt dskj. nr. 9 með viðfestri þýðingu. Aðspurt kveðst vitnið ekki geta sagt um það, hvort það hafi séð bréfið á dskj. nr. 9 áður eða þýðingu þess skjals. Tekur vitnið fram, að það hafi séð mörg gögn varðandi gólfteppi í sambandi við starf sitt. Aðspurt kveðst vitnið vera verkstjóri hjá Álafossi h/f og sjá um snið og lagnir á teppum, og einnig kveðst vitnið fylgjast með vefnaði á gólfteppum hjá fyrirtækinu. Vitnið kveðst ekki hafa sérstaka menntun í sambandi við vefnað á gólfteppum og kveðst hafa þá þekkingu, sem það hafi á þessum hlutum, vegna

starfs síns við þetta undanfarin átta ár. Nánar aðspurt segir vitnið, að matsgerðin sé byggð á skoðun á umræddu gólfteppi, þar sem það lá á gólfi íbúðarinnar. Segir vitnið, að matsmennirnir hafi ekki skoðað botninn á teppinu, þar sem þeir hafi ekki talið þess þörf. Tekur vitnið jafnframt fram, að matsgerðin sé byggð á reynslu þeirri, sem það hafi öðlzt í starfi sínu. Kveðst vitnið telja þetta þekkt fyrirbæri í einlitum gólfteppum, en þó mismunandi áberandi. Segir vitnið, að það hafi ekki aðeins séð þetta fyrirbæri í íslenskum teppum, heldur einnig í erlendum teppum og nefnir dösk teppi og amerísk. . . .

Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvaða sjálfstæðar rannsóknir matsmennirnir hafi framkvæmt á þessu umrædda gólfteppi í tilefni þessa matsmáls. Vitnið segir, að ekki hafi verið tekið sýnishorn af gólfteppinu til rannsóknar á rannsóknarstofu, svo það viti til. Vitnið segir, að matsmennirnir hafi strokið teppið með höndunum og þuklað það og einnig hafi þeir virt teppið fyrir sér frá mismunandi stöðum. Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvort efni dskj. nr. 9 hafi verið lagt til grundvallar matsgerð þeirra matsmannanna. Vitnið kveðst nú telja það víst, að það hafi séð þýðingu dskj. nr. 9, áður en matið var framkvæmt, og muni það hafa borizt fyrirtæki því, sem vitnið starfar hjá, frá Pétri Sigurjónssyni, en vitnið segir, að oft sé leitað ráða hjá Pétri í sambandi við gólfteppi. Vitnið kveðst ekki geta svarað því frekar en það hafi gert hér að framan, hvort þýðing dskj. nr. 9 hafi verið lögð til grundvallar mati matsmannanna. Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvort sveipir þeir, sem matsmennirnir lýsa í mati sínu, séu að áliti matsmannsins miklir eða litlir. Vitnið segir, að sveipir þessir hafi verið talsvert áberandi. Vitninu var nú sýnt dskj. nr. 15. Spurt af lögmanni stefnanda kveðst vitnið vera sá Sigurður Ólafsson, sem í skjali þessu getur. Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Á hverju er niðurstaðan á dskj. nr. 15 byggð“. Lögmaður stefnda mótmælir því, að spurningin verði lögð fyrir vitnið á sama hátt og framlagningu þessa skjals var mótmælt á sínum tíma sem málinu óviðkomandi. Formaður dómsins spyr vitnið að því, hvort því sé kunnugt um, hvort Rannsóknastofnun iðnaðarins hafi framkvæmt rannsókn á sveipafyrirbærum í íslenskum gólfteppum. Vitnið kveðst ekki vita betur en að rannsóknastofnunin hafi fengið það verkefni til úrlausnar. Vitnið er spurt að því, hvort því sé kunnugt um niðurstöðu slíkra rannsókna. Vitnið kveðst nú ekki muna eftir því að vitna til ákveðinna rannsóknarskýrslna, en kveður sér hafa skil-

izt, að þarna væri um að ræða eiginleika, sem kæmu fram við notkun teppanna, og þarna væri ekki um framleiðslugalla að ræða. Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvort það sé eigin niðurstaða matsmannsins, að sveipir þeir, sem fram hafa komið í teppi því, sem matið tekur til, eigi ekki rætur sínar að rekja til tæknilegra framleiðslugalla. Vitnið kveður það sína skoðun, að þetta fyrirbæri verði ekki rakið til tæknilegra framleiðslugalla. Kveðst vitnið þá ganga út frá því, að vélarnar, sem vefa teppið, séu í lagi, og hráefni það, sem unnið er úr, sé fyrsta flokks. Vitnið tekur fram, að Axminster kaupi hráefni til teppaframleiðslu sinnar m. a. hjá Álafossi h/f, og kveður vitnið það hráefni undir eftirliti og hafi verksmiðjan eigin rannsóknarstofu. Vitnið segir, að í sambandi við matið hafi það ekki skoðað vefstól þann hjá stefnda, sem umrætt teppi er ofið í. Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvers vegna og af hvaða tilefni sé lagt mat á orsakir sveipamyndana í gólfteppinu, þó ekki hafi verið um það beðið í skoðunargerðarbeiðni. Spurt af dómáranum segir vitnið, að það telji, að þeir matsmennirnir hafi ekki farið út fyrir efni þess, sem þeir hafi verið beðnir um að framkvæma samkvæmt skoðunargerðarbeiðni. Kveðst vitnið því ekki sjá grundvöll til að svara þessari spurningu lögmannsins frekar. Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því, hvort það telji, að þeir matsmennirnir hafi verið beðnir að láta í ljós álit sitt á því, hvort teppið væri gallað eða ekki. Vitnið segir, að það hafi framkvæmt matið og undirritað matsgerðina eftir beztu samvizku og þekkingu. Spurt af lögmanni stefnanda kveðst vitnið ekki áður hafa verið dómkvatt til matsgerðar á gólfteppi, en vitnið kveðst nú um nokkurn tíma hafa starfað í matsnefnd Neytendasamtakanna og framleiðenda um gólfteppi og hafa framkvæmt margar skoðanir og matsgerðir í sambandi við það. Vitnið tekur fram, að það taki ekki þátt í matsgerðum, sem beinist að Álafossi h/f. Vitnið kveðst starfa í matsnefnd þessari sem fulltrúi framleiðenda. Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Við starf sitt sem matsmaður byggir vitnið þá á sjálfstæðum athugunum sínum eða álitserðum, sem aðrir hafa fengið því í hendur?“ Lögmaður stefnda mótmælir spurningunni sem ótilhlýðilegri og veiðandi. „Vitnið hefur þegar svarað spurningunni, að því er varðar matsgerð þá, er hér liggur fyrir, en að því er varðar matsnefnd Neytendasamtakanna mótmæli ég spurningunni sem málinu óviðkomandi“.

Lögmaður stefnanda óskar bókað: „Með tilvísun til fyrri fram-

burðar vitnisins svo og dskj. nr. 9, nr. 10, nr. 11 og nr. 15 svo og framburðar hins matsmannsins í matsmálinu tel ég mjög nauðsynlegt, að vitnið svari ofangreindum spurningum, sem mótmælt hefur verið, enda tel ég fram komið, að fyllilega sé réttmætt af minni hálfu að efast um, að matsmennirnir í matsmálinu nr. 58/1970 séu óvilhallir og hlutlausir og hafi framkvæmt matsgjörðina eins og segir í matskvaðningu. Ég bendi sérstaklega á það, að matsmennirnir hafa að mínum dómi brotið mjög gegn þeirri skyldu sinni að svara greiðlega spurningum mínum um svonefnda matsgjörð og jafnvel svarað út úr, svo vítavert sé, og tel ég af þessum ástæðum, að dómnum beri að leyfa mér að spyrja mjög ítarlega um ofangreint efni“.

Lögmaður stefnanda krafðist úrskurðar dómsins um það, hvort framangreindar spurningar verði lagðar fyrir vitnið.

Lögmaður stefnda óskar vitnið spurt að því: „Myndi að dómi matsmannsins það hafa sést við þess háttar skoðun, er það framkvæmdi á teppi því, sem mál þetta varðar, ef framleiðslugallar væru á því, sem stöfuðu af gölluðu hráefni, ellegar því, að gölluð tæki hefðu verið notuð við framleiðslu?“ Vitnið svarar: „Já, það hefði sézt“.

Lögmaður stefnda spyr vitnið: „Voru sveipir eða flekkir í teppinu mismunandi miklir eða var það um allt teppið?“ Lögmaðurinn afturkallaði spurningu sína.

Með vísan til síðasta svars vitnisins óskar lögmaður stefnanda vitnið spurt að eftirfarandi: „Á hverju hefði það sézt, hvort um tæknilega framleiðslugalla væri að ræða eða ekki og sérstaklega við hvers konar skoðun?“ Vitnið svarar: „Þegar efnið kemur úr stólnum, sjáum við, hvort endakantar eru misháir. Ef svo er, þá er stóllinn ekki í lagi. Þegar teppi eru límd saman, kemur það fram, hvort endakantarnir eru misháir. Í hverjum vefstól er mynzturkort, og geta verið frá einu og upp í fimm, hjá Álafossi eru það flest fimm. Ef mynzturkort eru sett skakkt í stóllinn eða þau bila, þá kemur ekki rétt mynztur fram í teppinu og þar af leiðandi ekki hægt að mynztra gólfteppið rétt. Þetta sjáum við. Þá getur stóllinn sleppt úr. Þá ber frágangsdeild verksmiðjunnar að laga það, og hefur hún tæki til þess, en það getur verið, að henni yfirsjáist og gæti komið fram galli í teppi, sem hefði verið sett í hús. Þá vantar í flosið, og maður sér ofan í botninn. Þetta er hægt að laga með sérstökum nálum. Þegar ofið er, eru settar spólur í stóllinn. Þegar búið er af spólunni, á að hnýta þeirri næstu við. Þá á frágangsdeildin að passa að klippa þessa toppa,

sem þannig myndast. Þetta er það helzta“. Vitnið segir enn fremur, að þessi fyrirbæri hafi ekki komið fram í teppi því, sem matið beindist að. Segir vitnið, að matsmennirnir hafi þekkt það fyrirbæri, sem sveipir nefnist.

Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Er gólfteppið að Efstalandi 6 mynztrað?“ Vitnið segir, að teppið sé úr sprengdu bandi, og segir vitnið, að það verði að vera mynzturkort í vefstólnum, til þess að hægt sé að vefa gólfteppi, hvort sem ofið er úr einlitu, sprengdu eða marglitu garni. Vitnið segir, að í umræddu gólfteppi sé ekki myndmynztur. Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Hafði vitnið ákveðna skoðun á því fyrirbæri, sem nefnt er hér sveipir, áður en það skoðaði gólfteppið, sem matsgerðin á dskj. nr. 11 fjallar um?“ Vitnið svarar og vísar til þess, sem það hefur áður sagt, að það hafi séð dönsk og amerísk teppi með svona sveipum. Vitnið kveðst einnig hafa séð íslensk teppi með svona sveipum. Kveðst vitnið hafa séð þetta, áður en það framkvæmdi mat sitt. Kveður vitnið skoðun sína á þessum sveipafyrirbærum hafa verið þá, að þetta væri ekki framleiðslugalli, og hafi þetta verið skoðun sín, áður en það framkvæmdi matið á Efstalandi 6.

Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því: „Byggir vitnið skoðun sína um það, að svonefndir sveipir séu ekki framleiðslugalli, á eigin athugunum eða því, sem einhver annar hefur sagt vitninu?“ Vitnið svarar: „Ég hef bæði lesið um þetta og prófað mig um þetta sjálfur“.

Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Eiga dæmi þau, sem vitnið hefur nefnt hér að framan um verksmiðjugalla, eingöngu við um flosteppi?“ Vitnið segir, að þessi dæmi eigi við um öll gólfteppi, sem framleidd eru.

Lögmaður stefnanda spyr vitnið að því með vísan til niðurlags dskj. nr. 11, hvað það eigi við með því, að sveipamyndanir séu fylgifiskar vissra gerða og mynztra. Vitnið segir, að flosteppi séu teppi, þar sem skorið sé upp úr öllu teppinu. Segir vitnið, að slíkum teppum sé hættara við sveipum. Vitnið segir, að í teppum, þar sem skorið sé upp úr annarri hverri lykkju, þá hverfi sveipa-hættan“.

Í málinu er fram kominn úrskurður matsnefndar Neytendasamtakanna og teppaframleiðenda, dags. 26. janúar 1971, svohljóðandi:

„Matsnefnd Neytendasamtakanna og framleiðenda hefur farið í Ásgarð 75 og skoðað teppi Kristjáns Kristjánssonar.

Niðurstaða hennar eftir skoðun er þessi: Það, sem að teppinu

er, flokkast undir fyrirbærið „sveipir“. Rannsóknastofnun iðnaðarins hefur komið að eftirfarandi niðurstöðu í sams konar tilfelli.

„Fyrirbrigði þetta er ekki framleiðslugalli, heldur eiginleika, sem orsakar útlitslýti við notkun og er fylgifyskur vissra gerða eða mynstra gólfteppa“.

Guðrún Jónsdóttir
Sigurður Ólafsson.

Sérálit fulltrúa neytenda:

Varla fer hjá því, að framleiðanda hafi verið kunnugt um þessi útlitslýti teppisins, og þess vegna hæpið að sleppa því út á markað sem ógallaðri vöru.

Guðrún Jónsdóttir“.

Svo sem fram kemur, þegar rakinn er framburður Sigurðar Ólafssonar hér að framan, eru spurningar þær, sem ágreiningur reis um í þinghaldi hinn 13. desember s.l., hvort lagðar skyldu fyrir matsmanninn, þessar:

„Á hverju er niðurstaðan á dskj. nr. 15 byggð“ og „Við starf sitt sem matsmaður byggir vitnið þá á sjálfstæðum athugunum sínum eða álitserðum, sem aðrir hafa fengið því í hendur?“

Með framburði sínum hér fyrir dómnum hefur matsmaðurinn Sigurður Ólafsson gert grein fyrir hæfni sinni til starfs síns sem matsmaður í máli þessu. Þykir Sigurður hafa gert þá grein fyrir því, á hverju mat hans á gólfteppi því, sem fjallað er um í máli þessu, er byggt, að ekki séu efni til að leggja síðari spurningu lögmannsins fyrir matsmanninn. Þótt lögð hafi verið fram matsgerð matsnefndar Neytendasamtakanna og teppaframleiðenda, dskj. nr. 15, sem matsmaðurinn Sigurður Ólafsson hefur framkvæmt, þá þykir hún ekki vera í slíkum tengslum við málfefni það, sem hér er til úrlausnar, að að efni séu til að leggja spurninguna varðandi hana fyrir matsmanninn. Samkvæmt þessu verða framangreindar spurningar ekki lagðar fyrir matsmanninn Sigurð Ólafsson.

Af hálfu hvors aðilja hefur verið krafizt málskostnaðar í þessum þætti málsins. Rétt þykir, að afstaða til málskostnaðar í þessum þætti málsins bíði, þar til efnisdómur gengur.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan ásamt samdómendunum dr. Stefáni Aðalsteinssyni búfjárfræðingi og Stefáni Snæbjörnssyni húsgagnaarkitekt.

Úrskurðarorð:

Framangreindar spurningar verða ekki lagðar fyrir matsmanninn Sigurð Ólafsson.

Föstudaginn 25. febrúar 1972.

Nr. 34/1971. **Gunnþór Björnsson**

(Jóhann Níelsson hdl.)

gegn

Bóksalafélagi Íslands

(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ábyrgð. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. marz 1971. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og að löghaldsgerð fógetadóms Seyðisfjarðar 4. maí 1968 verði felld úr gildi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétti hafði áfrýjandi uppi þá málsástæðu, að ábyrgðarskuldbinding hans, ef gild yrði metin, tæki eigi til annarra viðskipta Kaupfélags Austfjarða og stefnda en þeirra, er fram fóru, eftir að hann undirritaði ábyrgðarskuldbindinguna. Ekki verður séð, að þessari málsástæðu hafi verið hreyft í héraði. Kemur hún því eigi til álitna hér fyrir dómi, sbr. 45. gr. laga nr. 57/1962.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.